

Kópavogi 15.10.2025

Fyrirspurn til Umhverfissviðs:

Margir íbúar í Kópavogi hafa tekið eftir því að verið er að setja upp ljósakerfi sem lýsa mun upp Smáratorgsturninn í Kópavogsdal. Þeir segja að nú þegar sé mikil ljós- og útlitsmengun af þessari lýsingu fyrir íbúa í Salahverfi og óttast að ef norðurhliðin verður lýst upp munu íbúar á Digranesheiði og suðurhlíðum gamla Kópavogs einnig verða fyrir viðvarandi ljósmengun í framtíðinni.

Íbúum hefur verið bent á að senda fyrirspurnir á skipulag@kopavogur.is og hafa gert það. Þeir hafa engin svör fengið. Þá hafa þeir sent fyrirspurnir til Smáratorgs en ekki fengið nein svör heldur. Óskað er eftir svörum frá Kópavogsbæ við eftirfarandi spurningum.

- 1 Er framkvæmd af þessu umfangi háð leyfi frá Kópavogsbæ?
- 2 Var sótt um leyfi fyrir þessari framkvæmd?
- 3 Ef svo er, hvernig var hún afgreidd?
- 4 Var farið í grenndarkynningu fyrir íbúa á væntanlegri uppsetningu ljósabúnaðarins?
- 5 Hvernig var íbúasamráði vegna framkvæmdarinnar háttað frá hendi Kópavogsbæjar?



Skriflegt svar óskast.

Virðingarfyllst,

Hákon Gunnarsson

Fulltrúi í skipulags- og umhverfisráði Kópavogsbæjar